



SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Svar við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um fjölda leikskólakennara

Á 207. fundi skóla- og frístundaráðs, 27. apríl 2021, lögðu skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins fram svohljóðandi fyrirspurn:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks óska eftir upplýsingum um fjölda leikskóladeilda hjá leikskólum Reykjavíkur í apríl 2021, hversu margir leikskólakennarar starfa á leikskólum Reykjavíkur í apríl 2021 og hversu margar deildir eru með starfandi leikskólakennara. Árið 2019 voru leikskóladeildir í Reykjavík 284, þar af voru 184 deildir með starfandi leikskólakennurum en 100 deildir án leikskólakennara.

Svar:

Í apríl 2021 voru starfandi í borgarreknum leikskólum Reykjavíkurborgar 432 leikskólakennarar með leyfisbréf í 379,6 stöðugildum. Leikskóladeildir í október 2021 voru 291. Þar af voru 193 deildir með starfandi leikskólakennara eða 66,3% en 98 leikskóladeildir voru ekki með starfandi leikskólakennara, hvorki í starfi deildarstjóra eða leikskólakennara í almennu starfi.

*Athugið, varðandi leikskóladeildirnar þá eru þær tölur frá því í október 2021. Tölur fyrir apríl mánuð 2021 liggja ekki fyrir. Hins vegar ef notaðar eru starfsmannatölur fyrir október 2021 þá var fjöldi leikskólakennara nánast sá sami og var í apríl 2021 eða 430 leikskólakennarar í 379,6 stöðugildi.